



Skoðun 11. maí 2011

VELFERÐARKERFIÐ BYGGIR Á ATVINNUREKSTRI

Umræða undanfarinna missera um íslenskt atvinnulíf er um margt þversagnakennd. Gjarnan hefur verið gert lítið úr mikilvægi atvinnurekstrar fyrir heildarhagsmunum þjóðarinnar, oft með vísan í gjörningaveður síðustu missera og yfirleitt án efnislegra og tölulegra raka. Um leið liggur fyrir að kraftmikið atvinnulíf þarf til að framleiða þau verðmæti sem standa undir lífsgæðum. Verðmætasköpun í íslenskum fyrirtækjum er nauðsynleg forsenda hagvaxtar og þess að velferðartapið verði ekki varanlegt, en nýleg skoðun Viðskiptaráðs fjallar um áhrif á lífskjör ef ekki tekst að efla hagvöxt. Mikilvægt er að almenn sýn á atvinnurekstur verði betur í samræmi við mikilvægi hans fyrir endurreisn hagkerfisins.

„Kraftmikið atvinnulíf þarf til að framleiða þau verðmæti sem standa undir lífsgæðum.“

Í nýlegri könnun MMR fyrir Viðskiptablaðið kemur fram að skortur sé á trausti, gagnsæjum vinnubrögðum og siðferði í viðskiptalífnum. Niðurstöðurnar eru ein birtingarmynd þeirrar umræðu um atvinnurekstur sem hæst hefur farið. Ekki er umdeilt að í aðdraganda bankahrunsins misförst ýmislegt í íslensku atvinnulífi, bæði í fjármálakerfinu og í öðrum greinum. Mistök munu ávallt henda þótt von sé til að þeim fækki þegar lærdómur er dreginn af reynslunni. Af þessu má þó ekki dæma atvinnulífið í heild sinni. Íslenskt atvinnulíf samanstendur af fjölbreyttum hópi einstaklinga sem verðskulda ekki þá gagnrýni sem atvinnulífið sem heild hefur legið undir síðustu misseri.

„Íslendingar bera almennt traust til sinna eigin vinnuveitenda þótt sýn þeirra sé neikvæðari gagnvart atvinnulífinu í heild.“

„Forgangsverkefni atvinnulífsins er að bæta upplýsingagjöf svo auka megi traust á starfsháttum þess.“

„Hagsmunir atvinnulífs eru samtvinnaðir hagsmunum heimila.“

JÁKVÆÐARI VIÐHORF TIL EIGIN VINNUVEITENDA

Það er athyglisvert að Íslendingar bera almennt traust til sinna eigin vinnuveitenda þótt sýn þeirra sé neikvæðari gagnvart atvinnulífinu í heild. Þetta má t.a.m. sjá í nýlegri könnun Samtaka atvinnulífsins þar sem ríflega 74% bera mikið eða nokkuð traust til síns atvinnurekenda á meðan einvörðungu 11% gera það ekki. Niðurstöðurnar benda til þess að starfsfólk sé almennt ánægðara með eigin fyrirtæki, þau fyrirtæki sem það þekkir líklega hvað best til. Könnunin gefur því vísbendingu um að atvinnulífið njóti trausts þegar vitneskja um starfshætti er til staðar en tortryggni gæti frekar gagnvart þeim fyrirtækjum sem viðkomandi einstaklingar hafa minni upplýsingar um. Það hlýtur því að vera forgangsverkefni atvinnulífsins að bæta upplýsingagjöf svo auka megi traust á starfsháttum þess.

NOKKRAR STAÐREYNDIR UM ATVINNULÍFIÐ


Í umfjöllun um atvinnulíf og vinnumarkað ber um of á þeim miskilningi að um tvo aðskilda hópa sé að ræða, fyrirtæki og heimili. Það blasir hinsvegar við að hagsmunir atvinnulífs eru samtvinnaðir hagsmunum heimila. Heimilin þurfa á atvinnu að halda og fyrirtækin, sem ekki verða starfrækt án fjármagns, mannauðs og neyslu, þurfa á heimilunum að halda. Í raun sameinar atvinnulífið tvo hópa, launþega og atvinnurekendur, sem reyndar skarast verulega þar sem sami einstaklingur tilheyrir gjarnan báðum hópum. Á þessu samspili hvílir svo rekstur hins opinbera.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá eru starfrækt 32.500 fyrirtæki en af þeim áætlað Creditinfo að um 14.500 séu virk. Í þessum fyrirtækjum starfa um 125 þúsund manns á almennum vinnumarkaði auk umtalsverðs fjölda erlendis. Þær greinar atvinnulífsins sem veita flestum atvinnu eru verslun og viðgerðarþjónusta með ríflega 21 þúsund ársverk auk iðnaðar og annarrar þjónustu, en hvor grein um sig telur ríflega 16 þúsund ársverk.

Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo sitja um 39.500 einstaklingar í stjórnnum íslenskra fyrirtækja sem stjórnarformenn eða meðstjórnendur.¹ Þessir tæplega 40 þúsund einstaklingar skapa atvinnu fyrir sjálfa sig og aðra sem vinnuveitendur, en þeir 125 þúsund starfsmenn sem vinna hjá íslenskum fyrirtækjum skapa verðmæti í formi vöru eða þjónustu og í formi arðs fyrir þá sem hætta fjármunum sínum til atvinnurekstrar. Um leið bæta þeir eigin lífsgæði og annarra.

¹ Þeir sem sitja í fleiri en einni stjórn teljast einu sinni, þ.e. hver kennitala er bara talin einu sinni. Varamenn í stjórnun eru ekki taldir með.

Mynd 1 Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum (1999 og 2009)




UMBREYTING Í SJÁLFBÆRT ATVINNULÍF

Atvinnulífið hefur tekið stakkaskiptum undanfarna áratugi. Fyrir rétt um 120 árum starfaði 70% vinnuafis í landbúnaði og tæplega 20% við fiskveiðar. Mikil breyting hefur orðið frá þeim tíma og hefur hlutur verslunar, þjónustu og iðnaðar vaxið hratt. Hvort sem um er að ræða rekstur matvöruverslana, þjónustu við ferðamenn, hátækniráðgjöf eða framleiðslu sjávarafurða og tölvuleikja, þá hefur vægi þeirra greina sem standa sjálfstæðar og óháðar beinum opinberum afskiptum farið vaxandi á undanförunum áratugum.


Þessar greinar - atvinnurekstur sem byggir á einkaframtaki - eru undirstaða þess velferðarkerfis sem byggt hefur verið upp hér á landi síðustu áratugi. Sterkari einkageiri leiðir því af sér betri lífskjör og öflugra velferðarkerfi.

Til að stjórnvöldum sé kleift að standa við yfirlýst samfélagsleg markmið þurfa þau því að tryggja vöxt og viðgang einkageirans og draga úr áherslum á ósjálfbærar atvinnugreinar sem byggja á ríkisstuðningi. Lítið fer fyrir áherslum af þessu tagi í stjórn málaumræðu um þessar mundir.

Mynd 2 Hlutdeild atvinnugreina í landsframleiðslu



Mynd 3 Stuðningsstuðull atvinnulífsins



Heimildir: Hagstofan; McKinsey; útreikningar Viðskiptaráðs

STUÐNINGSSTUÐULL ATVINNULÍFSINS

Þar sem vöxtur framleiðni er meiri innan einkageirans heldur en hjá hinu opinbera byggir hagsæld til lengri tíma á því að kraftar einkaframtaksins séu nýttir til hins ýtrasta. Einkageirinn er forsenda þess að hið opinbera geti veitt nauðsynlega þjónustu s.s. heilsugæslu og menntun, greitt atvinnuleysistryggingar til þeirra sem eru án vinnu og greitt lífeyri eða bætur til þeirra sem standa utan vinnumarkaðar.


Styrk hagkerfisins til að standa undir þessari þjónustu má meta með því að skoða *stuðningsstuðul atvinnulífsins*. Árið 2010 stóð hver einstaklingur á almennum vinnumarkaði að baki 1,54 einstaklingi (fyrir utan sjálfan sig) sem studdur var með opinberu fé eða millifærslum. Þarna er um að ræða

þá sem starfa hjá hinu opinbera, auk þeirra sem njóta stuðnings sameiginlegra sjóða, en það eru börn, lífeyrisþegar, öryrkjar og atvinnulausir. Eftir því sem *stuðningsstuðull atvinnulífsins* er hærri því fleirum stendur hver starfsmaður í einkageiranum undir, sem felur almennt í sér aukna skattbyrði. Til samanburðar þá stóð hver starfsmaður undir 1,29 einstaklingi árið 2007. Því hafa byrðar einkageirans aukist um tæp 20% frá árinu 2007.

„Eftir því sem stuðullinn er lægri því öflugra er hagkerfið og betur í stakk búið að tryggja hag og afkomu þeirra sem þurfa á aðstoð að halda.“

Í þessu sambandi er mikilvægt að leggja áherslu á að ýmis sú þjónusta sem veitt er af hálfu hins opinbera er verðmæt og mikilvæg fyrir samfélagið. Stuðningsstuðull atvinnulífsins og þeir útreikningar sem hann byggir á leggja hinsvegar ekki mat á slíkt mikilvægi þjónustu hins opinbera. Hér er aðeins bent á að eftir því sem stuðullinn er lægri því öflugra er hagkerfið og betur í stakk búið að tryggja hag og afkomu þeirra sem þurfa á aðstoð að halda.

Mynd 4 Þróun stuðningsstuðuls atvinnulífsins



Heimildir: Hagstofan; McKinsey; útreikningar Viðskiptaráðs

STJÓRNVÖLD RÁÐA MIKLU ...

Hærra hlutfall hins opinbera gagnvart einkageiranum - hærri stuðningsstuðull atvinnulífsins - er því áhyggjuefni. Þetta á sérstaklega við þegar horft er til viðbragða stjórnvalda við efnahagshruninu á mörgum sviðum. Þar má helst nefna stóraukna skattheimtu á vörur, þjónustu, eignir og framtaksemi sem felur óhjákvæmilega í sér samdrátt eftirspurnar og óheppileg afskipti af lykílútlutningsatvinnugreinum sem eru til þess fallin að draga úr þeim mátt. Því til viðbótar hefur stærð hins opinbera ekki verið löguð að þeim efnahagslega raunveruleika sem nú blasir við. Viðvarandi gjaldeyrishöft og almennt verri skilyrði til atvinnurekstrar gera einkageiranum enn fremur erfiðara um vik.

Nýlegar fréttir um að launakostnaður hins opinbera fari nú verulega fram úr áætlunum gefa vísbendingar um að enn sé stefnt í ranga átt. Umsvif hins opinbera eru enn á mörgum sviðum í anda þess þanda hagkerfis sem var hér í aðdraganda bankahrunsins, en í stað eðlilegrar aðlögunar á opinbera geiranum hefur sú leið verið farin að stórauka byrðar á atvinnulífið til að halda við rekstri hins opinbera. Þetta má m.a. merkja af því að yfir 100 skattabreytingar hafa verið gerðar á síðastliðnum þremur árum auk þess sem flækjustig skattkerfisins hefur verið stóraukið. Raunar hefur hringlandi stjórnvalda með skattkerfið verið slíkur að skattasérfræðingar hafa átt erfitt með að fylgjast með öllum breytingunum.

... OG BERA ÁBYRGÐ EFTIR ÞVÍ

Með orðum sínum og gjörðum ráða stjórnvöld miklu um hlutfall umsvifa í einkarekstri og opinberum rekstri, en við blasir að lífsgæði til framtíðar munu að miklu leyti ráðast af því hvar störf verða til á næstu misserum og árum. Sterkur einkageiri og uppbygging atvinnugreina sem skapa verðmæti er forsenda þess að hið opinbera hafi burði til að veita þá þjónustu sem því er falið að veita. Verkefnið sem við blasir er að tryggja líf skjör til framtíðar, en til að svo verði þarf bæði fyrirtækjum og störfum í einkageiranum að fjölga. Með aðhaldssamri stefnu í opinberum umsvifum skapa stjórnvöld svigrúm fyrir atvinnurekstur á forsvari einkaaðila og með uppbyggingu heilbrigðs rekstrarumhverfis skapa þau frjósaman jarðveg fyrir fjölgun starfa sem gera ríkisvaldinu kleift að standa undir opinberri þjónustu.

„Umsvif hins opinbera eru enn á mörgum sviðum í anda þess þanda hagkerfis sem var hér í aðdraganda bankahrunsins.“

„Með orðum sínum og gjörðum ráða stjórnvöld miklu um hlutfall umsvifa í einkarekstri og opinberum rekstri.“

„Umræðan þarf að fela í sér meiri hvatningu til atvinnurekstrar en nú tíðkast.“

UMRÆÐAN HVETJI TIL ATVINNUREKSTRAR

Eins og staðan er nú standa á annan tug þúsunda fyrirtækja og 125 þúsund starfsmenn í íslensku atvinnulífi undir opinberri þjónustu og velferðarkerfinu. Þessum fyrirtækjum og starfsmönnum hefur fækkað á síðustu árum, sem er þróun sem nauðsynlegt er að snúa við. Orðræða um íslenskt atvinnulíf þarf að endurspegla betur þetta samhengi atvinnurekstrar og opinberrar þjónustu og umræðan þarf jafnframt að fela í sér meiri hvatningu til atvinnurekstrar en nú tíðkast.

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson framkvæmdastjóri, Björn Þór Arnarson hagfræðingur og Haraldur I. Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri í síma 510-7100. Smelltu hér fyrir fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs.